



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Hvaða þættir hafa áhrif á brottfall úr Kvennasmiðju, Karlasmiðju og Grettistaki?

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Skrifstofa sviðsstjóra, deild gæða og rannsókna
Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir verkefnastjóri
Gopro: VEL2018010003

Október 2018

Innihald

1.	Helstu niðurstöður	4
A.	Brottfall á árunum 2010–2017	4
B.	Viðtöl	4
1.	Stuðningur við þátttakendur	4
2.	Einstaklingsáætlanir og eftirfylgd	5
3.	Matslistar	5
4.	Ástæður brottfalls	5
5.	Breytingar á framkvæmd úrræðisins	5
6.	Starfsmannahald — Er þörf á að fjölga starfsmönnum?	6
7.	Hvernig er hægt að koma í veg fyrir brottfall?	6
8.	Hverjar eru hindranirnar til að úrbætur (ef nauðsynlegar) eigi sér stað?	6
2.	Athugasemdir úttektaðila	7
1.	Stuðningur við þátttakendur	7
2.	Matslistar	7
3.	Ástæður brottfalls og hvernig er hægt að koma í veg fyrir það	7
4.	Starfsmannahald — Er þörf á að fjölga starfsmönnum?	8
3.	Tilurð úttektarinnar og markmið	9
4.	Kvennasmiðja	10
5.	Karlasmiðja	11
6.	Grettistak	11
7.	Undirbúningur og framkvæmd	12
A.	Undirbúningur	12
B.	Framkvæmd og þátttakendur í úttektinni	12
Niðurstöður úttektar		13
8.	Brottfall á árunum 2010–2017	13
A.	Kvennasmiðjan	13
B.	Karlasmiðjan	14
C.	Grettistak	14
D.	Samantekt	15
9.	Niðurstöður viðtala	16
A.	Stuðningur við þátttakendur	16
B.	Einstaklingsáætlanir og eftirfylgd	17



C.	Matslistar.....	17
D.	Ástæður brottfalls að mati viðmælenda	17
E.	Breytingar á framkvæmd úrræðisins.....	18
F.	Starfsmannahald — Er þörf á að fjölga starfsmönnum?	19
G.	Hvernig er hægt að koma í veg fyrir brottfall?	19
H.	Hverjar eru hindranirnar til að úrbætur (ef nauðsynlegar) eigi sér stað?	21
10.	Spurningalisti í viðtölum	22

Töflur

Tafla 1: Þátttaka í Kvennasmiðju; hópar 13–20 á tímabilinu 2010–2017	13
Tafla 2: Þátttaka í Karlasmiðju; hópar tímabilið 2010–2017.	14
Tafla 3: Þátttaka í Grettistaki; hópar 9–23 tímabilið 2010–2017.	15

Helstu niðurstöður úttektarinnar

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

A. BROTTFALL Á ÁRUNUM 2010–2017

- Á árunum 2010–2017 hófu 126 konur þátttöku í **Kvennasmiðjunni**. 68% þeirra luku 18 mánaða endurhæfingu. 32% þeirra hættu án þess að útskrifast.
 - Algengasta ástæða brottfalls úr **Kvennasmiðjunni** var slæm eða engin mæting, eða í 53% tilfella.¹ Aðrar ástæður voru m.a. veikindi, neysla vímuefna, barneignir og brottflutningur.
- Á árunum 2010–2017 hófu 75 karlar þátttöku í **Karlasmiðjunni**. 41% þeirra lauk 18 mánaða endurhæfingu. 59% þeirra hættu án þess að útskrifast.
 - Algengasta ástæða brottfalls í **Karlasmiðjunni** var slæm eða engin mæting, eða í 63% tilfella. Aðrar ástæður voru m.a. neysla vímuefna, (andleg) veikindi og afplánun.
- Á árunum 2010–2017 hófu 329 einstaklingar (35% konur og 65% karlar) þátttöku í **Grettistaki**. 56% þeirra luku 18 mánaða endurhæfingu. 44% þeirra hættu án þess að útskrifast. Af þeim þátttakendum sem luku endurhæfingu í Grettistaki á árunum 2010–2017 voru konur 42% og karlar 58%.
 - Algengasta ástæða brottfalls í **Grettistaki** var vímuefnaneysla, eða í 44% tilfella. Aðrar ástæður voru slæmar mætingar, (andleg) veikindi og að viðkomandi fór í nám/vinnu/flutti erlendis/barneignir.

B. VIÐTÖL

Í viðtölum vegna úttektarinnar var talað við umsjónarmann/starfsmann hvers úrræðis sem og einn starfsmann hvers stýrihóps fyrir úrræðin.

1. STUÐNINGUR VIÐ ÞÁTTTAKENDUR

- Stuðningur og eftirfylgd við þátttakendur fer að miklu leyti fram á þjónustumiðstöð hjá ráðgjafa en þátttakendur eiga að hitta ráðgjafann sinn mánaðarlega.
- Starfsmenn úrræðanna vinna náið með félagsráðgjöfum þátttakenda, en þeir hitta þá bæði á fundum og tala við í síma. Einnig miðla starfsmenn stýrihópanna og ráðgjafar á þjónustumiðstöðunum upplýsingum sín á milli við óformlegri aðstæður, ef þörf er á.
- Samkvæmt 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð bjóðast þátttakendum 55.000 krónur til að nýta í sálfræðiviðtöl hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum.
- Í Námsflokki Reykjavíkur veitir náms- og starfsráðgjafi nemendum ráðgjöf. Nemendur geta einnig fengið viðtal við kennara og forstöðumann ef þeir hafa þörf fyrir auka stuðning eða ráðgjöf.

¹ Þegar þátttakendur mættu illa eða alls ekki var þeim gert að hætta- þ.e. að undangenginni hvatningu og/eða aðvörðun um að vera vísað frá ef þeir mættu ekki betur. Einnig er mikilvægt að hafa í huga, þegar brottfallstölur eru skoðaðar, að skráning er ekki alltaf fullnægjandi og ástæður þess að einstaklingur mætir ekki eða mætir mjög illa geta verið margvíslegar og jafnvel fallið undir aðrar ástæður sem nefndar eru.

2. EINSTAKLINGSÁÆTLANIR OG EFTIRFYLGD

- Í Kvennasmiðjunni, Karlasmíðjunni og í Grettistaki vinna þátttakendur eftir einstaklingsbundnum endurhæfingaráætlunum sem gerðar eru áður en sótt er um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins. Endurskoðunin á sér stað í samvinnu við ráðgjafa þátttakanda á þjónustumiðstöð. Eftirfylgd með áætlunum er í höndum ráðgjafa á þjónustumiðstöð.

3. MATSLISTAR

- Í úrræðunum er lagt upp með að ASEBA-matslisti sé lagður fyrir þátttakendur við upphaf úrræðisins, þegar það er hálfnað og í lok þess.² Það er hins vegar ekki alltaf gert.
- Ástæður þess eru m.a. misræmi á milli þjónustumiðstöðva hvað varðar áherslu á fyrirlagningu matslistans, skortur á tilskildum leyfum til að leggja hann fyrir, tímaleysi og mat ráðgjafa að ekki sé þörf á að leggja matslistann fyrir.
- EMS-matslisti er lagður fyrir alla þátttakendur í Kvenna- og Karlasmíðjunni. Fyrirlagning listans er á ábyrgð félagsráðgjafa þátttakanda í Kvennasmiðjunni. Í Karlasmíðjunni leggur hópstjóri smíðjunnar matslistann fyrir þátttakendur.

4. ÁSTÆÐUR BROTTFALLS

- Í Kvennasmiðjunni eru ástæður brottfalls fyrst og fremst slakar mætingar yfir langan tíma. Ástæður slakrar mætingar eru m.a. vanlíðan, neysla áfengis og/eða annarra vímuefna, persónulegir erfiðleikar og kvíðatengdir erfiðleikar.
- Í Karlasmíðjunni eru ástæður brottfalls fyrst og fremst kvíði, þunglyndi og félagsfælni.
- Í Grettistaki eru ástæður brottfalls fyrst og fremst að þátttakendur falla í neyslu.
- Ekki allt brottfall var neikvætt, en 16% brottfalls í Kvennasmiðjunni á árunum 2010–2017 var vegna brottflutnings eða barneigna. Í Karlasmíðjunni var atvinnuþátttaka ástæða 9% brottfalls þátttakanda. Í Grettistaki var 34% brottfalls vegna atvinnuþátttöku, náms, brottflutnings, barneigna eða annarra endurhæfingarúrræða sem þátttakendur fóru.
- Hlutfall „jákvæðs“ brottfalls er hugsanlega hærra í öllum úrræðunum en ástæður brottfalls var misvel skráð í þeim gögnum sem úttektaraðili vann með.

5. BREYTINGAR Á FRAMKVÆMD ÚRRÆÐISINS

- Ákveðnar breytingar á framkvæmd úrræðanna hafa átt sér stað á undanförunum árum sem hafa haft áhrif á brottfall:
 - Í Kvennasmiðjunni var árið 2007 sett á laggirnar undirbúningsnámskeið og í kjölfarið minnkaði brottfall.
 - Í Kvennasmiðjunni er yfirlit yfir mánaðarlegar mætingar sent til þátttakanda og ráðgjafa þeirra í hverjum mánuði. Ákveðið áminningarferli er jafnframt til staðar.
 - Úrræðið Karlasmíðjan hefur frá og með árinu 2012 orðið formfastara og utanumhald orðið meira.

² Athugasemd viðmælenda í kjölfar kynningar á fyrstu niðurstöðum: Mikilvægt er að ASEBA sé lagt fyrir þátttakendur eins og lagt er upp með í úrræðunum. Hugsanlega þarf að leggja áherslu á að ráðgjafar leggi ASEBA fyrir þátttakendur í upphafi úrræðis og í byrjun síðustu annar þess, í stað þrisvar sinnum. Þannig gætu niðurstöður ASEBA nýst til að meta árangur og hægt að bregðast við áður en úrræði lýkur.

6. STARFSMANNAHALD — ER ÞÖRF Á AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM?

- Viðmælendur í Kvennasmiðjunni sögðu að hækka mætti prósentuhlutfall starfsmanns úrræðisins svo að hann geti sinnt hópnum enn betur.
- Viðmælendur í úrræðunum töldu að til að geta eftt og bætt einstaklingsþjónustu í úrræðunum þurfi að fjölga starfsmönnum. Bæta þurfi við sálfræðingi og iðjuþjálfara til að þjónustan verði einstaklingsmiðaðri og markvissari.
- Að mati viðmælenda í Grettistaki er þörf á að fjölga starfsmönnum í hlutastarfi til að halda utan um þátttakendur. Þannig gæti hver starfsmaður haldið utan um lítinn hóp þátttakenda og betri meðferðarvinna næðist með hvern og einn þátttakenda.

7. HVERNIG ER HÆGT AÐ KOMA Í VEG FYRIR BROTTFALL?

- Viðmælendur í úttektinni nefndu m.a. eftirfarandi atriði sem hugsanlega kæmu í veg fyrir eða minnkuðu brottfall:
 - Þéttur og einstaklingsbundinn stuðningur, meðal annars frá ráðgjöfum á þjónustumiðstöð.
 - Sálfræðiþjónusta til að greina vanda þátttakenda betur og takast á við vangreindan vanda.
 - Vinna þarf markvisst með kvíða hjá þátttakendum.
 - Aukið samstarf á milli hópstjóra hjá Námsflokkunum, hópstjóra úrræðanna og ráðgjafa þátttakenda.³
- Annað sem viðmælendur nefndu:
 - Umbunarkerfi fyrir þá sem ná ákveðnu mætingarhlutfalli.
 - Meira framboð af (félagslegu) húsnæði.
 - Forgangur í meðferðarúrræði eða í viðtöl til áfengisráðgjafa á göngudeild SÁÁ.
 - Taka einstaklinga fyrr inn í markvissa endurhæfingu.
 - Stuðningur á borð við „Morgunhanaverkefnið“.

8. HVERJAR ERU HINDRANIRNAR TIL AÐ ÚRBÆTUR (EF NAUÐSYNLEGAR) EIGI SÉR STAÐ?

- Að mati viðmælenda kemur skortur á fjármagni, vegna aukins starfsmannakostnaðar, í veg fyrir eflingu úrræðanna. Með fjölgun starfsmanna er hægt að halda betur utan um þátttakendur.
- Með auknu fjármagni er hægt að takast á við einstaklingsvanda hvers og eins og huga betur að andlegri líðan þátttakenda (sbr. með ráðningu sálfræðings).
- Bent var á að hækka þurfi greiðslur vegna sálfræðiþjónustu, skv. 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð en þær hafa staðið í stað frá árinu 2003.

³ Athugasemd viðmælenda í kjölfar kynningar á fyrstu niðurstöðum: Starfsmaður Kvennasmiðjunnar leggur til að vera með fasta viðveru (t.d. einu sinni í mánuði) í Námsflokki Reykjavíkur. Það hefur gefist vel áður og nýst nemendum vel, að sögn forstöðumanns Námsflokka. Þannig hafa nemendur ekki aðeins reglulegt aðgengi að starfsmanni smiðjunnar heldur hittir starfsmaðurinn einnig starfsmenn Námsflokka. Einnig lögðu viðmælendur til á kynningarfundinum að forstöðumaður Námsflokka kæmi oftar inn á stýrihópafundi úrræðanna.

2. ATHUGASEMDIR ÚTTEKTARAÐILA

1. STUÐNINGUR VIÐ ÞÁTTTAKENDUR

Að sögn viðmælenda á stuðningur og eftirfylgd við þátttakendur að fara að miklu leyti fram á þjónustumiðstöð hjá ráðgjafa og eiga þátttakendur að hitta ráðgjafann sinn mánaðarlega. Hins vegar sögðu viðmælendur að dæmi væru um að þátttakendur hittu ráðgjafann sinn ekki eins oft og þeir vilja/eiga gera. Samkvæmt viðmælendum hafa þátttakendur kvartað yfir því að fá ekki nægjan stuðning frá ráðgjafa og dæmi eru um að ráðgjafar mæti ekki á fundi vegna málefna þátttakenda. Einnig er misjafnt eftir þjónustumiðstöðvum hvort einstaklingar sem flytja á milli hverfa fá að halda ráðgjafanum sínum.

Mikilvægt er að stuðningur við þátttakendur sé þéttur og að ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum fylgi þeim eftir. Ráðgjafi þátttakanda á að hafa yfirsýn yfir málefni þátttakanda og mikilvægt að hann sinni þjónustu við einstaklinginn. Æskilegt er að ráðgjafar fái að halda áfram að þjónusta þátttakendur sem flytja á milli hverfa ef þátttakendur óska eftir því að fá að halda sama ráðgjafa.⁴

2. MATSLISTAR

Samkvæmt viðmælendum er ASEBA-matslistinn ekki alltaf lagður fyrir þátttakendur. Ástæða þess er m.a. skortur á tilskildum leyfum til að leggja matslistann fyrir, tímaleysi, mat ráðgjafa að ekki sé þörf á að leggja listann fyrir þátttakendur og misræmi á milli þjónustumiðstöðva hversu mikil áhersla er lögð á fyrirlagningu matslistans.

Við innleiðingu á ASEBA-matslistanum var lagt upp með að listinn væri lagður fyrir þátttakendur við upphaf úrræðis, þegar það væri hálfnað og í lok þess. Áherslur skrifstofu velferðarsviðs hvað varðar fyrirlagningu listans hafa ekki breyst og því mikilvægt að ráðgjafar leggi matslistann fyrir þátttakendur í úrræðunum líkt og gert er ráð fyrir.

3. ÁSTÆÐUR BROTTFALLS OG HVERNIG ER HÆGT AÐ KOMA Í VEG FYRIR ÞAÐ

Sálfræðiþjónusta

Samkvæmt viðmælendum í Karla- og Kvennasmiðjunni eru ástæður brottfalls oftast slakar mætingar sem koma m.a. til vegna persónulegra erfiðleika, kvíða, þunglyndis og félagsfælni.

Þéttur og einstaklingsbundinn (andlegur) stuðningur í formi sálfræðiviðtala og iðju- eða markþjálfunar gæti ekki aðeins bætt almenna líðan þátttakenda heldur hugsanlega komið í veg fyrir brottfall úr úrræðunum. Vinna þarf markvisst með kvíða og félagsfælni hjá þátttakendum í Karlasmiðjunni sem samkvæmt viðmælendum eiga oft við mikinn og hamlandi kvíða að stríða. Einnig er mikilvægt að ráðgjafar leggi ASEBA-matslistann fyrir alla þátttakendur til að greina mögulegan kvíða hjá þeim. Þannig er hægt að bregðast fyrr við kvíðatengdum vandamálum.

Þátttakendur í úrræðunum geta sótt um niðurgreiðslu á sálfræðiviðtölum hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Samkvæmt 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð bjóðast þeim 55.000 krónur til að nýta í

⁴ Athugasemd viðmælenda í kjölfar kynningar á fyrstu niðurstöðum: Samkvæmt viðmælendum er almennt velvilji á þjónustumiðstöðvunum að þátttakendur fái að hafa ráðgjafa áfram þrátt fyrir brottflutning.

sálfræðiviðtöl. Hins vegar nýtist styrkurinn ekki alltaf sem skyldi samkvæmt viðmælendum. Kostnaður við sálfræðiviðtöl er hár og þátttakendur eru ekki allir tilbúnir eða hafa tök á að leggja út fyrir fleiri viðtölum en þeim sem styrkurinn nær yfir. Fjárhagslegar hindranir geta því lagst á fyrirliggjandi vanda/kvíða.

Sálfræðipjónusta sem hluti af úrræðunum gæti hugsanlega nýst betur en sálfræðipjónusta sem sótt er annars staðar. Ástæða þess er sú að ef sálfræðipjónusta er hluti þeirrar þjónustu sem þátttakendum býðst er þröskuldurinn hugsanlega lægri fyrir þátttakendur að nýta sér hana. Auk sálfræðimeðferðar fyrir þátttakendur gæti sálfræðingur boðið upp á hópameðferð og miðlað þekkingu til starfsmanna.

Þörf er á að endurskoða upphæðina sem einstaklingum býðst vegna sérfræðipjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga (skv. 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð). Upphæðin hefur staðið í stað síðan árið 2003 en þá var miðað við að hún nýttist í allt að 10 viðtöl.

Neysla

Viðmælendur telja ástæður brottfalls úr Grettistaki fyrst og fremst þær að þátttakendur falla í neyslu.

Mikilvægt er að þátttakendur sem eru í hættu á að falla (eða hafa fallið) og vilja komast í meðferð hafi forgang í meðferðarúrræði og/eða komist strax í viðtal hjá áfengisráðgjafa.

Aukið samstarf

Gott og öflugt vinnusamband á milli starfsmanna úrræðanna og starfsmanna Námsflokka er mikilvægt en að mati forstöðumanns Námsflokka er þörf á auknu samstarfi.

Mikilvægt er að hópstjórar úrræðanna, ráðgjafar þátttakenda og hópstjórar í Námsflokkunum hafi vettvang til að hittast þegar þörf er á, eða með skipulögðum hætti, þar sem gott og náið samstarf þessara aðila kemur nemendum til góðs.

4. STARFSMANNAHALD — ER ÞÖRF Á AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM?

Í samtali við viðmælendur kom fram að þéttur og einstaklingsmiðaður stuðningur er líklegur til að skila sér í lægra brottfalli og bættu lífi þátttakenda.

Með því að auka starfshlutfall, fjölga starfsmönnum og ráða sérfræðinga á borð við sálfræðinga og iðjuþjálfra er hægt að veita þann stuðning sem viðmælendur telja þörf á til að bæta líf þátttakenda enn betur og sporna gegn brottfalli.

Inngangur

3. TILURÐ ÚTTEKTARINNAR OG MARKMIÐ

Tilurð

Úttektin er á endurskoðaðri úttektaráætlun velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018.

Tilurð úttektarinnar má rekja til 302. fundar velferðarráðs í janúar 2017. Á fundinum var lagt fram minnisblað um yfirlit yfir brottfall úr Kvennasmiðju, Karlasmiðju og Grettistaki á tímabilinu 2010–2015 og niðurstöður rannsókna og úttektar. Í kjölfar kynningarinnar lagði velferðarráð fram eftirfarandi bókun:

Velferðarráð felur velferðarsviði að skoða nánar hvaða þættir það eru sem hafa helst áhrif á brottfall úr Kvennasmiðju, Karlasmiðju og Grettistaki.

Markmið

Markmið úttektarinnar er, samkvæmt bókun velferðarráðs, að skoða þá þætti sem hafa helst áhrif á brottfall úr Kvennasmiðju, Karlasmiðju og Grettistaki.

Almennar upplýsingar um átaksverkefni⁵

Velferðarsvið leggur áherslu á að styðja og styrkja notendur fjárhagsaðstoðar til virkni en það er mikilvægur þáttur til að viðhalda færni og getu til þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu. Markmiðið er að styðja og efla einstaklinga til að gera þeim kleift að sjá sér farborða með öðrum hætti en með fjárhagsaðstoð.

Átaksverkefni Kvennasmiðja, Karlasmíðja og Grettistak eru endurhæfingarúrræði til 18 mánaða og rekin af velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Kvennasmiðja og Grettistak tóku til starfa árið 2001, en Karlasmíðja árið 2004.

Úrræðin eru endurhæfingarúrræði fyrir einstaklinga sem hafa ekki náð að fóta sig á vinnumarkaði, í námi vegna sálfélagslegs vanda og/eða vegna vímuefnavanda. Stýrihópar úrræðanna eru skipaðir fulltrúum allra þjónustumiðstöðva velferðarsviðs, auk þess sitja starfsmenn úrræðanna fundi stýrihópanna og umsjónarmaður úrræðanna á skrifstofu velferðarsviðs.

Tekið er inn í átaksverkefni á grundvelli umsókna frá ráðgjöfum á þjónustumiðstöðvum sem fara fyrir stýrihópsfund hvers úrræðis. Í Grettistaki og Karlasmíðju er fyrst tekið inn í undirbúningshóp og síðan er fjallað aftur um umsókn með tilliti til mætinga og þátttöku áður en tekið er inn í úrræðið endanlega og sótt um endurhæfingarlífeyri. Til að komast að í Grettistaki þurfa einstaklingar jafnframt að hafa klárað að minnsta kosti eina heila áfengis- og/eða vímuefnaferð.

Starfshlutfall starfsmanna í úrræðunum er misjafnt eftir úrræðum.

4. KVENNASMIÐJA

Kvennasmiðjan er 18 mánaða endurhæfingarúrræði fyrir mæður sem hafa átt við langvarandi félagslega erfiðleika að stríða og gengið illa að fóta sig á vinnumarkaði eða í námi vegna heilsufarsvanda af andlegum toga og/eða vegna félagslegra aðstæðna. Kvennasmiðjan hóf göngu sína í apríl 2001.

Markmiðið með úrræðinu er að bæta lífsgæði þátttakenda og styðja þá til atvinnuþátttöku eða til frekari náms. Endurhæfingin felur í sér sjálfsstyrkingu, sjálfuppyggingu og starfs- og/eða námsundirbúning. Endurhæfingin er einstaklingsmiðuð en ferlið byggir á fjölbreyttu námi m.a. í samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur og Hússtjórnarskólann. Auk þess er sérstakur sumarskóli með annars konar námi og þjálfun með aðkomu fleiri aðila. Kennsla fer fram alla virka daga og skuldbinda þátttakendur sig til að mæta 100%.

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs veita stuðning og fylgja þátttakendum í Kvennasmiðju eftir.

Í Kvennasmiðjunni er einn starfsmaður í 10% starfi.

⁵ Upplýsingarnar í kaflanum eru fengnar af vefsíðu Reykjavíkurborgar, vefsíðu Virk (virk.is) og úr ársskýrslu velferðarsviðs frá árinu 2016.

Í stýrihóp Kvennasmiðjunnar sitja fimm starfsmenn, einn fulltrúi frá hverri þjónustumiðstöð, auk starfsmanns úrræðisins.

5. KARLASMIÐJA

Karlasmiðja er endurhæfingarúrræði sem ætlað er karlmönnum á aldrinum 25–55 ára sem glíma við heilsufarsvandamál af andlegum og/eða líkamlegum toga og hafa verið utan vinnumarkaðar til lengri tíma. Flestir hafa brotna eða litla skólagöngu að baki. Markmið með þátttöku í Karlasmiðju eru aukin lífsgæði, sjálfsefning auk náms- og starfsundirbúnings.

Fyrirkomulag smiðjunnar er að í hverjum hópi eru 10–15 karlar. Kennt er 4–5 sinnum í viku í 9–12 mánuði. Námið er þrjúþætt: bóklegt, skapandi og sjálfstýrkjandi.

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs veita stuðning og fylgja þátttakendum í Karlasmiðju eftir. Sótt er um í Karlasmiðju hjá félagsráðgjafa/ráðgjafa á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur og fer kennslan fram hjá Námsflokkum Reykjavíkur.

Í stýrihópi Karlasmiðjunnar sitja fulltrúar allra þjónustumiðstöðvanna auk hópstjóra og umsjónarmanns úrræðanna á skrifstofu velferðarsviðs.

Í Karlasmiðjunni er einn starfsmaður í 30% starfi. Sá starfsmaður er hópstjóri úrræðisins.

6. GRETTISTAK

Grettistak er starfsendurhæfingarúrræði til 18 mánaða fyrir einstaklinga með fjölþættan félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu. Tekið er inn í úrræðið tvisvar sinnum á ári og boðið er upp á undirbúning í 2–3 mánuði fyrir þátttöku í Grettistaki. Endurhæfingarúrræðið er fyrir karla og konur, 18 ára og eldri sem hafa átt við langvarandi og alvarlegan vímuefnavanda að etja og hafa lokið meðferð. Markmiðið er að auka lífsgæði þátttakenda, efla þá til sjálfshjálpar og auka möguleika þeirra á endurkomu á vinnumarkað. Endurhæfingarferlið er í formi hópstarfs, einstaklingsbundins stuðnings og ráðgjafar, námskeiða, endurmenntunar og þátttöku í fræðslu auk batanámskeiðs hjá SÁÁ. Þátttakendum er boðið upp á eftirfylgd í allt að tvö ár eftir að endurhæfingu lýkur.

Ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs sjá um stuðning og eftirfylgd við þátttakendur en TR greiðir endurhæfingarlífeyri á meðan á endurhæfingu stendur.

Í stýrihópi Grettistaks sitja fimm félagsráðgjafar sem eru fulltrúar hvernar þjónustumiðstöðvar fyrir sig. Í stýrihópnum situr jafnframt verkefnastjóri Grettistaks, náms- og starfsráðgjafi, tveir hópstjórar og starfsmaður á áfangaheimilinu Brautinni.

Í Grettistaki er verkefnastjóri í 100% starfi. Auk þess er náms- og starfsráðgjafi í 60% starfi. Fjórir hópstjórar starfa í úrræðinu og eru tveir þeirra í 40% starfi, einn í 50% starfi og annar í 60% starfi.

Um úttektina

7. UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

A. UNDIRBÚNINGUR

Úttektaraðili, í samvinnu við deildarstjóra á deild gæða og rannsókna á skrifstofu velferðarsviðs, sá um undirbúning úttektar.

Við undirbúning úttektar kynnti úttektaraðili sér fyrirbyggjandi gögn og upplýsingar um úrræðin ásamt rannsóknum á brottfalli.

B. FRAMKVÆMD OG ÞÁTTTAKENDUR Í ÚTTEKTinni

Deildarstjóri deildar gæða og rannsókna tilkynnti yfirstjórn velferðarsviðs í maí 2018 að úttekt stæði fyrir dyrum.

Þann 22. júní 2018 talaði úttektaraðili við formann stýrihóps Kvennasmiðjunnar og starfsmann í stýrihópnum (fulltrúa þjónustumiðstöðvar Breiðholts). Fulltrúi Breiðholts í stýrihópnum er jafnframt í 10% starfshlutfalli sem starfsmaður Kvennasmiðjunnar.

Þann 3. júlí 2018 ræddi úttektaraðili við verkefnastjóra Grettistaks og starfsmann í stýrihóp Grettistaks (fulltrúa þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts).

Þann 4. júlí 2018 talaði úttektaraðili við hópstjóra Karlasmiðjunnar og starfsmann í stýrihóp Karlasmiðjunnar (fulltrúi þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarnes).

Þann 13. ágúst 2018 ræddi úttektaraðili við deildarstjóra á skrifstofu velferðarsviðs sem jafnframt er umsjónarmaður úrræðanna á velferðarsviði.

Þann 14. ágúst 2018 talaði úttektaraðili við forstöðumann í Námsflokkum Reykjavíkur.

Fyrsta kynning á úttektinni fyrir viðmælendur fór fram 10. september 2018. Á kynningunni fengu viðmælendur tækifæri til að koma með athugasemdir vegna úttektarinnar áður en skýrslunni var endanlega lokað.

Úttektaraðili sá um framkvæmd og úrvinnslu úttektarinnar.

NIÐURSTÖÐUR ÚTTEKTAR

8. BROTTFALL Á ÁRUNUM 2010–2017

Samkvæmt starfsáætlun velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016–2017 var ein af aðgerðum velferðarsviðs að rýna átaksverkefni sem velferðarsvið rekur.⁶ Markmiðið var að skoða hvernig hægt væri að mæta þörfum breytilegs notendahóps enn frekar. Til stuðnings við aðgerðina var m.a. ráðinn starfsmaður sumarið 2016 til að rýna sérstaklega í tölfraði varðandi fjölda og brottfall í úrræðunum. Hér verður stuðst við niðurstöður þeirrar rýningar en auk þess verður upplýsingum bætt við um þá hóp á úrræðunum sem hafa útskrifast síðan þá.

A. KVENNASMIÐJAN

Fjöldi þátttakenda og brottfall á árunum 2010 til 2017⁷

Í töflu 1 kemur fram að á tímabilinu 2010–2017 hófu 126 kona þátttöku í Kvennasmiðjunni og 86 konur (68%) af þeim luku 18 mánaða endurhæfingu. 40 (32%) konur hættu án þess að útskrifast.

Ástæða þess að flestar hættu í Kvennasmiðjunni var slæm eða engin mæting hjá 21 konu (53%), neysla vímuefna hjá einni (3%), átta konur hættu sjálfar vegna ýmissa ástæðna (20%), tvær hættu vegna veikinda 2 (5%), þrjár vegna barneigna (8%), þrjár vegna brottflutnings (8%) og ekki er vitað um ástæður hjá tveimur (5%).

Tafla 1: Þátttaka í Kvennasmiðju; hópar 13–20 á tímabilinu 2010–2017⁸

Ár	Fjöldi í upphafi	Fjöldi við útskrift	Brottfall
2010	13	9	31%
2011	18	16	11%
2012	12	9	25%
2013	13	7	46%
2014	15	6	60%
2015	20	14	30%
2016	22	15	32%
2017	13	10	23%
Alls	126	86	32%

⁶ Kaffli um aðgerðir velferðarsviðs, liður nr. 2.

⁷ Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr minnisblaði sem lagt var fyrir fund velferðarráðs 12. janúar 2017 og úr gagnagrunni velferðarsviðs.

⁸ Athugasemd rannsakanda: Við framkvæmd rannsóknarinnar hóf hópur 21 endurhæfingu á árinu 2018 og hafði ekki enn útskrifast við gerð skýrslunnar.

B. KARLASMIÐJAN

Fjöldi þátttakenda og brottfall á árunum 2010 til 2017⁹

Tafla 2 sýnir að á tímabilinu 2010–2017 hófu 75 karlar þátttöku og 31 karl (41%) lauk 18 mánaða endurhæfingu. 44 (59%) karlar hættu án þess að útskrifast. Undirbúningshópur var settur af stað í Karlasmiðju árið 2012 og dró úr brottfalli í kjölfar þess.

Ástæða þess að flestir hættu í Karlasmiðjunni var slæm eða engin mæting hjá 28 körlum (63%), þrír vegna neyslu vímuefna (7%), sex vegna (andlegra) veikinda (14%), fjórir karlar fóru í vinnu (9%), einn fór í afplánun í fangelsi (2%) og 11 karlar vegna annarra ástæðna (25%).

Tafla 2: Þátttaka í Karlasmiðju; hópar tímabilið 2010–2017.

Ár ¹⁰	Fjöldi í upphafi	Fjöldi við útskrift	Brottfall
2010	3	1	67%
2011	14	1	93%
2012	15	8	47%
2013	16	9	44%
2015	16	6	63%
2017	11	6	45%
Alls	75	31	59%

C. GRETTISTAK

Fjöldi þátttakenda og brottfall á árunum 2010 til 2017¹¹

Í töflu 3 kemur fram að á tímabilinu 2010–2017 hófu 329 einstaklingar (115 konur og 214 karlar) þátttöku í Grettistaki. Af þeim luku 183 manns (56%) 18 mánaða endurhæfingu og 146 (44%) hættu án þess að útskrifast. Taflan sýnir að í hópum 9–23 á tímabilinu 2010–2017 voru 115 (35%) konur og 214 (65%) karlar. Af þeim 183 þátttakendum sem hófu þátttöku í Grettistaki á árunum 2010–2017 útskrifuðust 77 (42%) konur og 106 (58%) karlar.

Af þeim 146 sem hættu áður en 18 mánaða starfsendurhæfingu lauk fóru 26 manns (18%) í vinnu, 5 (3%) í nám, 8 (5%) fluttu erlendis og 8 (5%) hættu vegna barneigna. Ástæða þess að flestir hættu í Grettistaki var vímuefnaneysla hjá 64 (44%), 21 hætti vegna slæmrar eða engrar mætingar (14%), átta hættu vegna líkamlegra og/eða geðrænna veikinda (5%), 5 (3%) þátttakendur fóru í önnur endurhæfingarúrræði og í einu tilfelli var ástæðan ekki tilgreind.

⁹ Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr minnisblaði sem lagt var fyrir fund velferðarráðs 12. janúar 2017 og úr gagnagrunni velferðarsviðs.

¹⁰ Ekki var tekið inn í úrræðið árið 2014 og 2016.

¹¹ Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar hjá verkefnastjóra Grettistaks.

Tafla 3: Þátttaka í Grettistaki; hópar 9–23 tímabilið 2010–2017.

Hópur	Fjöldi í upphafi	KVK	KK	Samtals við útskrift	Brottfall
9	10	5	5	2	80%
10	15	8	7	7	53%
11	13	3	10	8	38%
12	15	5	10	11	27%
13	11	3	8	6	45%
14	24	8	16	14	42%
15	27	13	14	13	52%
16	25	4	21	11	56%
17	26	11	15	15	42%
18	25	7	18	12	52%
19	27	11	16	15	44%
20	28	11	17	19	32%
21	26	6	20	6	77%
22	26	9	17	20	23%
23	31	11	20	24	23%
Alls	329	115	214	183	44%

D. SAMANTEKT

Kvennasmiðjan

Á árunum 2010–2017 hófu 126 konur þátttöku í Kvennasmiðjunni. 68% þeirra luku 18 mánaða endurhæfingu á meðan 32% þeirra hættu án þess að útskrifast. Árið 2014 var brottfallið mest, eða 60%, en brottfall var minnst árið 2011 þegar 89% þeirra sem hófu nám í Kvennasmiðjunni útskrifuðust. Algengasta ástæða brottfalls í Kvennasmiðjunni var slæm eða engin mæting, eða í 53% tilfella. Aðrar ástæður voru m.a. veikindi, neysla vímuefna, barneignir og brottflutningur.

Karlasmiðjan

Á árunum 2010–2017 hófu 75 karlar þátttöku í Karlasmiðjunni. 41% þeirra lauk 18 mánaða endurhæfingu á meðan 59% þeirra hættu án þess að útskrifast. Árið 2011 var brottfallið mest, eða 93%, en árið 2012 var undirbúningshópur settur á laggirnar og dró úr brottfalli í kjölfar þess. Minnst var brottfallið árið 2013, eða 44%. Algengasta ástæða brottfalls í Karlasmiðjunni var slæm eða engin mæting, eða í 63% tilfella. Aðrar ástæður voru m.a. neysla vímuefna, (andleg) veikindi og afplánun.

Grettistak

Á árunum 2010–2017 hófu 329 einstaklingar (35% konur og 65% karlar) þátttöku í Grettistaki. 56% þeirra luku 18 mánaða endurhæfingu og 44% hættu án þess að útskrifast. Af þeim þátttakendum sem luku endurhæfingu í Grettistaki á árunum 2010–2017 voru 42% konur og 58% karlar. Algengasta ástæða brottfalls í Grettistaki var vímuefnaneysla, eða í 44% tilfella. Aðrar ástæður voru slæmar mætingar, (andleg) veikindi og að viðkomandi fór í nám/vinnu/flutti erlendis/barneignir.

9. NIÐURSTÖÐUR VIÐTALA

Í þessum kafla verður gert grein fyrir niðurstöðum viðtala við forsvarsmenn Kvennasmiðju, Karlasmíðju og Grettistaks. Auk þess verður gert grein fyrir niðurstöðum viðtala við forstöðumann Námsflokka Reykjavíkur og umsjónarmann úrræðanna á skrifstofu velferðarsviðs.

A. STUÐNINGUR VIÐ ÞÁTTTAKENDUR

Stuðningur og eftirfylgd við þátttakendur fer að miklu leyti fram á þjónustumiðstöð hjá ráðgjafa en samkvæmt viðmælendum eiga þátttakendur í öllum úrræðunum að hitta ráðgjafa sinn mánaðarlega. Viðmælendur Grettistaks og Kvennasmiðjunnar sögðu starfsmenn úrræðisins vinna náíð með félagsráðgjöfum þátttakenda. Einnig miðla starfsmenn stýrihópanna og ráðgjafar á þjónustumiðstöðunum upplýsingum sín á milli ef þörf er á.¹² Sem dæmi eiga sér stað samtöl á milli ráðgjafa þátttakenda og starfsmanna úrræðanna ef mætingu er ábótavant. Samkvæmt viðmælendum í Kvennasmiðjunnar hringir starfsmaður smíðjunnar í þátttakendur ef þeir mæta ekki en jafnframt halda starfsmenn þeirra úrræða sem þátttakendur sækja hverju sinni utan um mætingar. Sem dæmi hringja starfsmenn Sumarskólans og Námsflokka í þátttakendur daglega ef mætingu er ábótavant.

Starfsmenn Grettistaks, Kvenna- og Karlasmíðju eru í reglulegum samskiptum við starfsmenn þeirra úrræða sem þátttakendur sækja hverju sinni með það að markmiði að koma upplýsingum um þátttakendur áleiðis.

Annar stuðningur við þátttakendur

Samkvæmt viðmælendum er þátttakendum boðið upp á sjálfsstyrkingu og jafningjastuðning, en jafnframt geta þátttakendur sótt um niðurgreiðslu á sálfræðiviðtölum hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Samkvæmt 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð bjóðast þeim 55.000 krónur til að nýta í sálfræðiviðtöl.¹³ Þar sem kostnaður við sálfræðiviðtöl getur verið hár sögðu viðmælendur að styrkurinn nýtist ekki alltaf sem skyldi. Það væri ákveðin hindrun fyrir þátttakendur að þurfa að leggja út fyrir fleiri viðtölum en þeim sem styrkurinn næði yfir. Því geta fjárhagslegar hindranir lagst á fyrirliggjandi vanda/kvíða að mati viðmælenda.

Fram kom í viðtali við viðmælendur í Karlasmíðjunni að þeir sem útskrifuðust sumarið 2018 fengu sálfræðiaðstoð sem hópur í fimm skipti. Um var að ræða nýtt framtak sem gafst vel að mati viðmælenda.

Námsflokkar Reykjavíkur

Í námsflokkunum er námið þrískipt en nemendur fara í list- og verkgreinar, bóknámsgreinar og sjálfsefandi greinar. Samkvæmt forstöðumanni er mikil áhersla lögð á ráðgjöf fyrir nemendur í Námsflokkunum. Sem dæmi veitir náms- og starfsráðgjafi ráðgjöf í þeim hluta námsins sem fellur undir sjálfsefandi greinar. Hver hópur fyrir sig er með hópstjóra sem tekur viðtöl við nemendur reglulega og eftir þörfum, auk þess að vera með nemendur í kennslu vikulega. Í þeim tímum er m.a.

¹² Stýrihópur hvers úrræðis samanstendur af ráðgjöfum af öllum þjónustumiðstöðvunum. Félagsráðgjafar þátttakenda koma mikilvægum upplýsingum áleiðis til stýrihópsins í gegnum sinn tengilið í stýrihópnum.

¹³ Upphæðin hefur ekki breyst frá árinu 2003.

kennd námstækni, forsaga náms skoðuð og áhugasviðsgreiningar lagðar fyrir nemendur. Einnig fer hópstjórinn með nemendur í framhaldskólana að hitta náms- og starfsráðgjafa í þeim tilvikum sem þeir hafa áhuga á að fara í áframhaldandi nám. Hvað annan stuðning varðar, geta nemendur fengið viðtal við ráðgjafa, kennara og forstöðumann ef þeir hafa þörf fyrir auka stuðning eða ráðgjöf.

B. EINSTAKLINGSÁÆTLANIR OG EFTIRFYLGD

Í Kvennasmiðjunni, Karlasmíðjunni og í Grettistaki vinna þátttakendur eftir einstaklingsbundnum endurhæfingaráætlunum. Áætlanirnar eru gerðar áður en sótt er um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í þeim eru tiltekin atriði á borð við sjúkráþjálfun, sálfræðiviðtöl, viðtöl við geðlækna og þess háttar. Eftir því sem líður á þátttöku í úrræðunum verður áætlunin einstaklingsbundnari og sérhæfðari. Endurskoðun á áætluninni á sér stað á sex mánaða fresti í tengslum við umsókn um endurhæfingarlífeyri. Samkvæmt viðmælendum á endurskoðunin sér stað í samvinnu við ráðgjafa þátttakanda á þjónustumiðstöð. Á stýrihópsfundum eru áætlanirnar einnig ræddar og hugmyndum að breyttum áherslum komið á framfæri ef þörf er á. Eftirfylgd með áætlununum er í höndum ráðgjafa þátttakanda á þjónustumiðstöð.

C. MATSLISTAR

Samkvæmt viðmælendum er lagt upp með að leggja fyrir þátttakendur ASEBA-matslista við upphaf úrræðis, um það mitt og í lok þess. Fyrirlagning matslistanna er á ábyrgð félagsráðgjafa þátttakanda. Það er hins vegar ekki alltaf gert og að sögn viðmælenda er ástæða þess misræmi á milli þjónustumiðstöðva um hversu mikil áhersla er lögð á fyrirlagningu ASEBA. Aðrar ástæður fyrir því að listinn er ekki lagður fyrir eru m.a. að sögn viðmælenda:

- Skortur á tilskildum leyfum til að leggja matslistann fyrir þátttakendur
- Tímaleysi
- Mat ráðgjafa að ekki sé þörf á að leggja matslistann fyrir þátttakendur

Viðmælendur í Grettistaki tóku fram að vel hefði reynst að nota ASEBA sem hjálpartæki til að kortleggja vanda hjá þátttakendum.

Hópstjóri Karlasmíðjunnar sagðist hafa lagt EMS-matslistann fyrir alla þátttakendur í úrræðinu. EMS-matslisti er lagður fyrir þátttakendur í Kvennasmiðjunni á lokaönn úrræðisins áður en þeir fara í starfsþjálfun.

D. ÁSTÆÐUR BROTTFALLS AÐ MATI VIÐMÆLENDNA

Samkvæmt viðmælendum í Kvennasmiðjunni eru ástæður brottfalls oftast slakar mætingar yfir langan tíma. Þátttakendur hætta sjálfir eða þeim er vísað frá. Ástæður slakrar mætingar geta verið m.a. vanlíðan, neysla áfengis og/eða vímuefna, persónulegir erfiðleikar og erfiðleikar með að mæta vegna kvíða. Meðganga og/eða fæðing barns spilar einnig inn í brottfall þátttakanda að einhverju leyti.

Viðmælendur í Karlasmíðjunni sögðu ástæður brottfalls fyrst og fremst vera kvíða, þunglyndi og félagsfælni. Einnig bentu viðmælendur á að húsnæðisaðstæður þátttakanda skipti máli hvað þátttöku

í úrræðinu varðar. Dæmi eru um að þátttakendur búi ekki við öruggar og fullnægjandi húsnæðisaðstæður.

Viðmælendur í Grettistaki sögðu ástæður brottfalls fyrst og fremst vera þær að þátttakendur falla í neyslu. Einnig hefja sumir þátttakendur endurhæfinguna án þess að vera fyllilega tilbúnir til að takast á við verkefnið. Aðrir hætta vegna barneigna og sumir eiga við geðrænan vanda að stríða og geta ekki nýtt sér úrræðið.

Í samtali við viðmælendur var bent á að ekki væri allt brottfall neikvætt. Samkvæmt tölfræðigögnum sem unnið var með í úttektinni var 16% brottfalls í Kvennasmiðjunni, á árunum 2010–2017, vegna brottflutnings eða barneigna. Í Karlasmiðjunni er ástæða 9% brottfalls, á árunum 2010–2017, að þátttakendur fóru út á vinnumarkaðinn. Í Grettistaki er 34% brottfalls á árunum 2010–2017 vegna þess að þátttakendur fóru að vinna, í nám, fluttu erlendis, vegna barneigna eða að þeir fóru í önnur endurhæfingarúrræði.¹⁴

Að sögn forstöðumanns í Námsflokki Reykjavíkur er munur á ástæðum brottfalls í Karla- og Kvennasmiðju. Að hennar sögn hætta konurnar frekar að mæta vegna áfalla sem þær verða fyrir á meðan á námi stendur, á meðan karlarnir hætta fyrirvaralaust og án útskýringa. Þeir eiga erfiðara með að tala um af hverju þeir geti ekki mætt þar sem þeir séu oft illa haldnir af kvíða og andlegum veikindum. Þeir hafa almennt verið í lengri tíma en konurnar í engri virkni (eins og t.d. atvinnu eða skóla) og daga frekar uppi í mikilli félagslegri einsemd.

E. BREYTINGAR Á FRAMKVÆMD ÚRRÆÐISINS

Árið 2007 var sett á laggirnar í Kvennasmiðjunni undirbúningsnámskeið og í kjölfarið minnkaði brottfall töluvert.¹⁵ Að sögn viðmælenda í Kvennasmiðjunni er haldið mjög vel utan um mætingu þátttakenda en í byrjun árs 2018 var tekin upp sú regla að senda út bréf mánaðarlega þar sem þátttakendur og ráðgjafar þeirra fá yfirlit yfir mætingar síðastliðins mánaðar. Ákveðið áminngarferli er jafnframt til staðar en þá fá þátttakendur skriflega áminningu (að undangenginni munnlegri áminningu) ef þeir standast ekki mætingarskylduna.

Að sögn viðmælenda í Karlasmiðjunni hefur úrræðið orðið formfastara frá og með árinu 2012 og utanumhaldið meira. Sú breyting leiddi til minna brottfalls að einhverju leyti.

Í Grettistaki var samstarfi við Námsflokka Reykjavíkur hætt árið 2013. Starfs- og námsendurhæfingarúrræðið Hring sjá hefur verið hluti af endurhæfingu þátttakenda í Grettistaki frá árinu 2015.

Að sögn viðmælenda í Kvennasmiðjunni hafa á síðastliðnum árum átt sér stað ákveðnar viðhorfsbreytingar gagnvart mætingum í samfélaginu. Að þeirra mati virðist skyldurækni gagnvart mætingum vera á undanhaldi og það endurspeglast í viðhorfi þátttakenda.

¹⁴ Hlutfall „jákvæðs“ brottfalls er hugsanlega hærra í öllum úrræðunum en ástæður brottfalls var misvel skráð í þeim gögnum sem úttektaraðili var að vinna með.

¹⁵ Undirbúningsnámskeiðið varð að skyldunámskeiði árið 2009.

F. STARFSMANNAHALD — ER ÞÖRF Á AÐ FJÖLGA STARFSMÖNNUM?

Að mati viðmælenda í Kvennasmiðjunni þarf fyrst og fremst að hækka prósentuhlutfall starfsmanns Kvennasmiðjunnar, en þannig gæti hann sinnt hópnum betur.

Viðmælendur í úrræðunum sögðu að til að geta eftt og bætt einstaklingsþjónustu væri mikilvægt að fjölga starfsmönnum. Að mati viðmælenda í Karlasmíðjunni væri gagnlegast að í úrræðinu störfuðu sálfræðingur og iðjupjálfi, auk hópstjóra. Viðmælendur töldu að sálfræðiþjónusta þyrfti að vera hluti þjónustunnar í úrræðinu. Sálfræðingur gæti sinnt almennri fræðslu ásamt því að taka einstaklingsviðtöl við þátttakendur. Þannig ættu fleiri þátttakendur greiðari leið að sálfræðiþjónustu þar sem þröskuldurinn væri lækkaður fyrir þátttakendur sem ættu erfitt með að sækja sér almenna sálfræðiþjónustu „út í bæ“. Einnig gætu starfsmenn úrræðisins nýtt sér sérfræðipekkingu sálfræðingsins þátttakendum til góða. Með því að sinna þátttakendum með einstaklingsmiðaðri hætti og vinna á markvissan hátt með þátttakendum væri ekki aðeins komið í veg fyrir brottfall heldur væri líf þátttakenda bætt á sem besta mögulega hátt.

Að sögn viðmælenda í Grettistaki vantar fyrst og fremst fleiri starfsmenn í hlutastarfi til að halda utan um þátttakendur. Í dag er fjöldi þátttakenda í Grettistaki hátt í 100 á hverjum tíma og er verkefnisstjóri úrræðisins tengiliður við félagsráðgjafa þeirra. Með því að fjölga starfsmönnum gæti hver þeirra haldið utan um lítinn hóp þátttakenda og þannig væri hægt að ná betri meðferðarvinnu með hvern og einn, og hugsanlega minnka brottfall.

G. HVERNIG ER HÆGT AÐ KOMA Í VEG FYRIR BROTTFALL?

Viðmælendur voru spurðir um hverju þyrfti að breyta eða bæta til að hægt væri að koma í veg fyrir brottfall.

Þéttur stuðningur:

Viðmælendur voru sammála um að meiri (andlegur) stuðningur væri nauðsynlegur í vinnu með þátttakendum. Einnig kom fram að stuðningur þyrfti að vera þéttur og einstaklingsbundinn. Að sögn viðmælenda í Kvennasmiðjunni þjáist ákveðinn hópur þátttakenda af áfallastreitu og þörf væri á því að vinna með þátttakendur með markvissari hætti en gert væri í dag. Viðmælendur í Karlasmíðjunni, sem og umsjónarmaður úrræðanna á skrifstofu velferðarsviðs, sögðu sálfræðiþjónustu nauðsynlega til að greina vanda þátttakenda betur og takast á við vangreindan vanda. Nefnt var að þegar þátttakendur hafa verið í úrræðinu í einhvern tíma fara þeir að tjá sig og opna á þá erfiðleika sem þeir glíma við. Því er mikilvægt að hafa tækifæri til að bjóða þeim upp á frekari þjónustu í kjölfarið, að mati viðmælenda. Umsjónarmaður úrræðanna á skrifstofu velferðarsviðs sagði þörf á sálfræðiþjónustu í öll þrjú úrræðin. Fyrirkomulag hópanna þyrfti að vera mismunandi þar sem um mjög ólíka hópa væri að ræða.

Umsjónarmaður úrræðanna á skrifstofu velferðarsviðs sagði þátttakendur í Karlasmíðjunni marga hverja að glíma við mikinn og hamlandi kvíða og sá kvíði skilaði sér að einhverju leyti í brottfalli, þ.e. þeir einstaklingar sem eru of kvíðnir og/eða félagsfælnir hætta frekar í úrræðinu. Forstöðumaður Námsflokkanna nefndi mikilvægi þess að unnið sé markvisst með kvíða hjá nemendum og það þyrfti að vera hægt að bjóða upp á kvíðameðferð (hugræn atferlismeðferð) samhliða náminu.

Viðmælendur í Grettistaki lögðu áherslu á mikilvægi þess að stuðningur ráðgjafa á þjónustumiðstöð væri til staðar en að þeirra sögn hafa einhverjir þátttakendur kvartað yfir því að í einhverjum tilfellum vanti upp á þennan stuðning. Einnig nefndu viðmælendur að misjafnt væri eftir þjónustumiðstöðvum hvort ráðgjafi fær að halda einstaklingum sem flytja frá þjónustumiðstöðinni yfir á aðra þjónustumiðstöð. Samfella í ráðgjöf er mikilvæg þar sem erfitt getur verið fyrir einstaklinga að hitta nýjan ráðgjafa og ákveðið rof á stuðningi geti átt sér stað.

Aukið samstarf:

Að mati forstöðumanns Námsflokka er mikilvægt að halda góðu og öflugu vinnusambandi á milli starfsmanna úrræðanna og starfsmanna Námsflokka. Að hennar sögn hefur það gefist vel þegar hópstjórar hafa verið með vikulega eða hálfsmánaðar viðveru í Námsflokkanum. Einnig nefndi forstöðumaðurinn að mikilvægt væri að hópstjórar úrræðanna, ráðgjafar þátttakanda og hópstjórar í Námsflokkanum hefðu vettvang til að hittast þegar þörf væri á. Gott og náið samstarf kæmi nemendum til góðs.

Annað sem viðmælendur nefndu:

Viðmælendur í Kvennasmiðjunni sögðu að til að koma í veg fyrir brottfall mætti taka upp umbunarkerfi fyrir þá þátttakendur sem ná ákveðnu mætingarhlutfalli. Umbunin gæti verið í formi gjafabréfs.

Viðmælendur í Karlasmiðjunni og forstöðumaður Námsflokka nefndu að meira framboð af (félagslegu) húsnaði gæti komið í veg fyrir brottfall. Ófullnægjandi og ótryggar húsnaðisaðstæður geti leitt til brottfalls.

Viðmælendur í Karlasmiðjunni nefndu mikilvægi samfellu í greiðslum frá Tryggingamiðstöð ríkisins. Starfsmenn minna þátttakendur á að endurnýja endurhæfingarlífeyririnn áður en greiðslur falla niður en ef þær falla niður getur það valdið miklum kvíða hjá þátttakendum.

Viðmælendur í Grettistaki bentu á mikilvægi þess að þátttakendur sem eru í hættu á að falla og vilja komast í meðferð hafi forgang í meðferðarúrræði. Biðtími í meðferð og/eða í afvötnun væri of langur. Viðmælendur töldu afar mikilvægt að þátttakendur kæmust að í viðtal til áfengisráðgjafa.¹⁶

Að mati forstöðumanns Námsflokka byrja sumir þátttakendanna í Karlasmiðjunni of seint í markvissri endurhæfingu. Því lengri tími sem þeir væru óvirkir, því minni líkur væru á að þeir klári endurhæfinguna.

Forstöðumaður Námsflokka og umsjónarmaður úrræðanna á velferðarsviði bentu á að stuðningur heim gæti nýst vel þeim nemendum sem eiga erfitt með að mæta og eru í hættu á að falla úr námi. Stuðningur á borð við „Morgunhanaverkefnið“ gæti nýst ákveðnum nemendum.¹⁷

¹⁶ Samkvæmt deildarstjóra á skrifstofu velferðarsviðs og umsjónarmanni verkefnanna eru viðræður hafnar við tengiliði hjá SÁÁ um að greiða leið þátttakenda í Grettistaki inn í meðferð/viðtöl.

¹⁷ „Morgunhanar“ er samvinnuverkefni ráðgjafa á þjónustumiðstöð, heimilis og skóla um bættu skólasókn og ástund grunnskólanemenda.

H. HVERJAR ERU HINDRANIRNAR TIL AÐ ÚRBÆTUR (EF NAUÐSYNLEGAR) EIGI SÉR STAÐ?

Samkvæmt viðmælendum kemur skortur á fjármagni, vegna aukins starfsmannakostnaðar, í veg fyrir eflingu úrræðanna fyrst og fremst. Viðmælendur í Kvenna- og Karlasmiðju sögðu að með auknu fjármagni væri hægt að takast á við einstaklingsvanda hvers og eins og huga betur að andlegri líðan þátttakenda (sbr. ráðningu sálfræðings). Viðmælendur í Grettistaki sögðu að með því að fjölga starfsmönnum væri hægt að halda betur utan um þátttakendur.

Viðmælendur Karlasmiðjunnar bentu á að hækka þyrfti greiðslur vegna sálfræðipjónustu, skv. 20. gr. reglna um fjárhagsaðstoð. Sú upphæð sem veitt væri í dag væri of lág og dekkjaði einungis að hámarki fjóra til fimm tíma hjá sálfræðingi.

10. SPURNINGALISTI Í VIÐTÖLUM

Dagsetning:

Viðmælendur og starfsheiti:

Hvernig er stuðningi við þátttakendur í úrræðinu háttað?

Eru allir með einstaklingsáætlanir, og ef svo er; hvernig er eftirfylgd með þeim háttað?

Hvernig er samstarfi við félagsráðgjafa þátttakenda háttað?

Er notast við matslista (á borð við ASEBA) í úrræðinu?

Hverjar eru ástæður brottfalls að þínu mati?

Hafa einhverjar breytingar (jákvæðar/neikvæðar) átt sér stað (á síðustu árum) á framkvæmd úrræðisins sem hafa haft áhrif á brottfallið?

Hverju þarf að breyta/bæta til að að koma í veg fyrir brottfall?

Þarf, að ykkar mati, að fjölga starfsmönnum í úrræðinu? Ef svo er; teljið þið að starfsmannaekla hafi áhrif á brottfallið?

Hverjar eru hindranirnar til að úrbætur (ef nauðsynlegar) eigi sér stað?